

Af þessu þykir leiða, að ruglingshætta sé eigi fyrir hendi milli vörumerkis stefnanda og firmanafns stefnda. Er það því niðurstaða dómsins, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir þó rétt að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna og Hótel Hekla, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Heklu h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1983.

Nr. 119/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Má Kjartanssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, sem skráð var í sakadómsbók við uppkvaðningu úrskurðarins 10. þ. m., í því skyni „að fá honum hnekkt.“ Barst kærán Hæstarétti 14. þ. m.

Í greinargerð til Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 hefur varnaraðili krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Greinargerð hefur ekki borist Hæstarétti frá ákærvaldi.

Hinn 12. þ. m., áður en skjöl kærumálsins höfðu verið send Hæstarétti, var varnaraðili látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Er um það skráð svo í sakadómsbók 13. þ. m.:

„Um kl. 18.00 í gær, sunnudaginn 12.6. 1983, hafði Már Kjartansson úrskurðarþoli í máli þessu eðlilegar hæðir og fylgdi (sic) þeim engin fíkniefni. Sá grunur um, að Már geymdi fíkniefni innvortis, var þar með úr sögunni, og var honum þegar sleppt lausum úr gæsluvarðhaldi.

Dómari náði símasambandi við Hilmar Ingimundarson hrl. í morgun um kl. 10.30 og skýrði honum frá ofangreindu. Nefndur lögmaður kvað skjólstæðing sinn halda fast við kæru úrskurðarins til Hæstaréttar Íslands til að fá skorið úr um réttmæti hans.“

Samkvæmt framansögðu hafði varnaraðili verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi, áður en skjól málsins voru send Hæstarétti. Var því óþarft fyrir hann að halda kærumálinu áfram til að fá bundinn enda á gæsluvarðhaldsvist sína.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir hafa verið tilefni til að úrskurða varnaraðilja til að sæta gæsluvarðhaldi. Verður krafa hans um, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður verður ekki felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. júní 1983.

Ár 1983, föstudaginn 10. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni fulltrúa við undirritaða votta og upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þann 8. júní sl. var Már Kjartansson, fæddur 13. júlí 1950, til heimilis að Gnoðarvogi 36, Reykjavík, handtekinn við komu hingað til lands með m/s Eddu ásamt Páli Konráð Konráðssyni Þormar, fæddum 2. júlí 1953, til heimilis að Hverfisgötu 32, Reykjavík. Við leit á Má fannst hassmoli og tvær hasspípur. Einnig hylki, er innihélt leifar af hvítu dufti, er gefur svörun hjá lögreglu sem kókaín.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu, sbr. dskj. nr. II, kveðst Már hafa farið með flugi laugardaginn 29. maí 1983 með Páli Konráðssyni. Hann kveður þá hafa ferðast um Luxemburg, Þýskaland, Danmörk, Holland og Belgíu á

þessu ferðalagi, sem stóð frá 29. maí sl. til 8. júní, þegar þeir komu til landsins með m/s Eddu.

Már kveðst hafa fengið um 30.000 kr. í gjaldeyri fyrir þessa ferð og eytt honum að mestu í ferðinni í áfengisdrykkju.

Már kveðst í greindri yfirheyrslu hafa keypt eitt gramm af hassi í Danmörku og hafi það verið afgangurinn af því efni, sem fannst á honum við komuna hingað til lands.

Aðspurður um hvíta efnið, sem einnig fannst á honum, segir Már það vera pevitín, sem hann fékk að eigin sögn samkvæmt læknisráði í Þýskalandi. Hasspípurar tvær kveðst Már hafa keypt í Kaupmannahöfn.

Páll Konráð Konráðsson Þormar var einnig yfirheyrður sama dag hjá lögreglu, sbr. dskj. nr. III. Hann bar í meginatriðum á sama veg og Már um þetta ferðlag þeirra. Hann kveðst hafa fengið svipaðan ferðagjaldeyri og eytt honum í þessu ferðalagi, en aldrei þó í fíkniefni.

Hvorugur þessara manna kveðst hafa séð til neyslu eða kaupa hins á fíkniefnum.

Í lögregluskýrslu, sbr. dskj. nr. II, bls. 2, var Má bent á, að hann væri grunaður um að hafa fíkniefni fólgin innvortis, og fór hann í röntgenmyndatöku um kl. 1800 í gær af því tilefni. Að sögn Kristjáns Sigurjónssonar lækni, sem annaðist myndatökuna, var töluvert í ristli Má, en ekkert hægt að segja um það, hvað það var.

Klukkan 1830 í gær kom Már hingað fyrir dóm. Hann kvaðst reiðubúinn til þess í ljósi niðurstöðu röntgenmyndatökkunnar að reyna að hafa hægðir í þar til gert salerni.

Nú, kl. 1615 í dag, mætti Már aftur hér í dómi og hafði þá ekki haft hægðir frá því í gær. Þá kvaðst hann hafa neytt lítillar fæðu þann tíma.

Ásgeir Karlsson lögreglumaður, sem hefur aðallega annast rannsókn þessa máls, kvað Má sýnilega reyna að liggja sem mest kyrru fyrir, en Már er geymdur í klefa með myndatökuútbúnaði í, svo hægt sé að fylgjast sem best með háttalagi hans í þágu rannsóknar.

Bæði Már og Páll Konráðsson hafa gerst sekir um fíkniefnamisferli.

Frá september hafa 7 menn verið handteknir grunaðir um að geyma fíkniefni innvortis, og reyndist sá grunur réttur varðandi 6 þeirra. 3 þessara manna sitja nú í gæsluvarðhaldi.

Hjá einum þessara manna komu fíkniefnin ekki niður fyrr en á 6. degi eftir handtöku, en sá maður neytti ekki matar og hélt sem mest kyrru fyrir.

NIÐURSTAÐA

Samkvæmt ofansögðu og gögnum þessa máls er Már grunaður um brot gegn lögum nr. 65/1974 og relugerð 390/1974, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár eigi til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhaldi í máli þessu.

Að öllu þessu athuguðu og virtu og með vísan til 67. gr., 1. mgr., 1. tölul., laga 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Mára Kjartanssyni í þágu rannsóknar þessa máls að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir ákveðið allt að 7 dögum frá kl. 1900 í dag að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Már Kjartansson, fæddur 13. júlí 1950, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá kl. 1900 föstudaginn 10. júní 1983 að telja.

Mánudaginn 27. júní 1983.

Nr. 123/1983. **Valdstjórnin**

gegn

Guðmundi Þór Guðmundssyni

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting felld niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Með kæru 16. júní 1983, er barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði fellur úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Eigi hefur borist greinargerð né kröfur frá ríkissaksóknara.

Rannsóknargögn fela eigi í sér könnun á því, hversu traust sú aðferð sé, sem lögreglumenn beittu til að mæla ökuhraða varnaraðilja, bæði almennt og svo sem hér stóð á. Að svo vöxnu máli var eigi fullnægjandi grundvöllur til að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða, svo sem lögreglustjórinn í Reykjavík gerði hinn 19. apríl 1983. Ber því að fella úr gildi hinn kærða úrskurð svo og fram-